

Nr. 20-110 S 075 Vestmannaey VE 54***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2954
IMO 9844681
Útgerð: Bergur-Huginn ehf.
Smíðaður: Noregi, 2018, stál
Stærð: 611 bt
Mesta lengd: 28,93 m *Skráð lengd:* 26,55 m
Breidd: 12 m *Dýpt:* 6,6 m
Vél: YANMAR 2018, 581 kW
Fjöldi skipverja: 12

Gögn:
Gögn RNSA



Vestmannaey©Guðmundur Alfreðsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 17. maí 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. október 2020 var togveiðiskipið Vestmannaey VE 54 á veiðum 18 sjómíllur austur af Dalatanga. Veður: N 9 m/s.

Skipverji var að skipta um bilaðan hlut í krapatanki og var með hendurnar niður um lúgu sem var ofan á tanknum. Skyndilega fór hræran í tanknum að snúast og við það slasaðist skipverjinn á vinstri hendi. Siglt var með slasaða til Norðfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að tveir skipverjar voru við verkið, annar hélt lúgunni opinni á meðan hinn vann verkið ofan í tanknum;
- að öryggisrofi, sem var þrýstirofi, var á lúgunni sem stöðvaði hræruna í tanknum þegar lúgan var opnuð;
- að skipverjinn sem hélt lúgunni opinni rak sig í öryggisrofann en við það snerist hræran í tanknum í um hálfan hring;
- að krapatankurinn var af gerðinni Optim Ice og 3.000 lítra af stærð;



Optim Ice 3000 krapatankur

